# 74 Hvað boðar nýárs blessuð sól




5. Hann heyrir stormsins hörpuslátt,
hann heyrir barnsins andardrátt,
hann heyrir sínum himni frá
hvert hjartaslag þitt jörðu á.

6. Í hendi Guðs er hver ein tíð,
í hendi Guðs er allt vort stríð,
hið minnsta happ, hið mesta fár,
hið mikla djúp, hið litla tár.

7. Í almáttugri hendi hans
er hagur þessa kalda lands,
vor vagga, braut, vor byggð og gröf
þótt búum við hin ystu höf.

8. Vor sól og dagur, Herra hár,
sé heilög ásján þín í ár.
Ó, Drottinn, heyr vort hjartans mál,
í hendi þér er líf og sál.

Önnur hljómsetning (samræmist raddsetningu)




**T** Matthías Jochumsson – Sb. 1886
**L** Christoph E.F. Weyse 1817 – Sb. 1871
**H1** Ný sálmasöngsbók
**H2** Sálmasöngsbók til kirkju- og heimasöngs 1936

Ný sálmasöngsbók © Skálholtsútgáfan, 2023